

Nd.

65. Frumvarp

til laga um dýralækna.

Flutningsm.: Gunnar Sigurðsson.

1. gr.

Dýralæknar skulu vera sjö á landinu:

Einn í Reykjavík og nágrenni (Gullbringu- og Kjósarsýslu).

Annar í Borgarfjarðar-, Mýra-, Snæfellsnes-, Hnappadals- og Dalasýslum.

Þriðji í Barðastrandar-, Stranda- og Ísafjarðarsýslum.

Fjórdi í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum.

Fimti í Eyjafjarðarsýslu ásamt Akureyri og Þingeyjarsýslum.

Sjötti í Múlasýslum og Austur-Skaftafellssýslu.

Sjöundi í Vestur-Skaftafells-, Rangárvalla- og Árnessýslum.

Atvinnumálaráðuneytið skipar þá og kveður á um bústað þeirra.

Dýralæknirinn í Reykjavík, er nefnist landsdýralæknir, skal jafnframt vera aðalráðunautur stjórnarinnar í heilbrigðismálum búpenings og hafa fyrir hennar hönd eftirlit með embættisfærslu annara dýralækna.

Takmörkum hjeradanna má ráðuneytið breyta með ráði landsdýralæknis.

2. gr.

Laun dýralækna skulu vera samkvæmt launalögum.

3. gr.

Þegar dýralæknar ferðast í þarfir hins opinbera, fá þeir úr rikissjóði 5 kr. á dag, og að því skapi fyrir hluta úr degi. Ferðakostnaður skal þeim endurgjaldinn eftir sömu reglum og ráðunautum Búnaðarfélags Íslands.

4. gr.

Þá er dýralæknir ferðast í þarfir einstakra manna, skal sá, er fararinnar beiðist, fá honum ókeypis fararþena og fæði eða endurgjalda honum ferðakostnað eftir fyrirmælum 3. gr. þessara laga.

5. gr.

Auk dýralæknastarfsemi skulu dýralæknar, í samráði við Búnaðarfélag Íslands, hafa á hendi aðalumsjón með allri búpeningsstarfsemi og búpeningsumbótum, hver í sínu umdæmi, og dýralæknarnir í Borgarfjarðar- og Skagafjarðarumdæmum auk þess nokkra kenslu við bændaskólana.

6. gr.

Atvinnumálaráðuneytið setur dýralæknunum erindisbrjef, í samráði við Búnaðarfélag Íslands, og ákveður í því starfssvið þeirra, þar á meðal það, að skylt sje dýralækni árlega að senda landsdýralækni skýrslu um alidýrasjúkdóma, hverjum úr sínu umdæmi. Ennfremur skulu dýralæknar senda landsdýralækni skýrslu um búpeningssýningar, nautgripa-, hrossa- og sauðfjárræktarfelög, um kynbótabú og annað það, er að kynbótastarfsemi lýtur. Skal landsdýralæknir vinna úr þessum skýrslum og birta árlega útdráttinn á kostnað þess opinbera.

7. gr.

Meðan íslenskir dýralæknar eru ekki til í öll embættin, skulu þeir dýralæknar, sem þegar eru í embættum, gegna þeim umdæmum, sem engir dýralæknar eru í, án sjerstaks endurgjalds.

8. gr.

Lög um dýralækna frá 3. nóv. 1915 eru hjer með úr gildi numin.

Greinargerð.

Með auknum framförum í landbúnaði og betri meðferð á búpeningi verður það óumflýjanlegt að fjölga dýralæknunum. Í frumvarpi þessu er ráðgert, að þeir verði 7, og mega þeir ekki færri vera. Nokkurn kostnað hefir þessi dýralækna fjölgun í för með sjer, en í raun og veru er sá kostnaður hverfandi, sam-

anborið við það gagn, sem þeir geta gert. Fyrst nm sinn verða þetta engin aukin útgjöld fyrir ríkissjóð, þar sem íslenskir dýralæknar eru ekki til í 3 af þessum embættum, en lög um fjölgun dýralækna ætti að vera hvatning fyrir unga og efnilega menn að snúa sjer að þessu námi.

Ef vjer lítum á þau verkefni, sem biða dýralækna hjer, má t. d. benda á, að vjer eyðum árlega til berklalækninga og berklavarna ógrynni tjár, svo hundrudum þúsunda kr. skiftir árlega. Til þess að þessi upphæð geti minkað, mætti benda á, að berklarannsóknir á kúm þurfa að vera samfara þeim tilraunum, sem gerðar eru hjer til þess að útrýma berklum; annars vantar einn bornsteininn í undirstöðuna. Að berklar eru fátíðir á kúm hjer enn sem komið er, gefur oss ekki tækifæri til að slá málinu á frest, því að reynsla annara þjóða hefir sýnt oss, að vjer getum ekki verið aðgerðalausir. Um 1800 þektust berklar ekki í kúm í Danmörku, en nú eru um 40% af kúnum með berkla, og ríkið greiðir nú árlega um kr. 153000 fyrir gripi, sem drepnir eru vegna júgurberkla. Vjer sjáum því, að þótt berklar sjeu enn ekki til muna í kúm vorum, þá verðum vjer samt að vera vel á verði, til þess að tryggja það, að þeir verði ekki landlægir í stofninum.

Í þessu sambandi má minna á það, að búíð er að stofna stórt mjólkurbú í Flóa og fleiri í uppsiglingu á Suðurlandi og víðar, og er því brýn nauðsyn á, að við slík mjólkurbú sje litið eftir heilbrigðisástandi kúnna.

Til þessa hefir bústofn vor þótt það ótryggur, að hann hefir ekki verið talinn veðhæfur. Þessu er nokkuð öðruvísi varið hjá nágrennaþjóðum vorum, þar sem dýralæknafyrirkomulag er gott. Þar er bústofninn talinn fyllilega veðhæfur, enda eru gripirnir váttrygðir. Bústofn vor mun vera um 32634000 kr. virði — ef vjer reiknum hvern nautgrip á kr. 300, hross á kr. 150, sauðfje á kr. 30 og geitfje á kr. 30. — Þessi stofn vor er best trygður með sámilegu dýralæknafyrirkomulagi, en það teljum vjer, að ekki geti talist, nema dýralæknar sjeu að minsta kosti sjö á landinu. Starfssvið þeirra verður að vernda þennan stofn vörn með því að lækna þá gripi, sem sjúkir verða, gefa ráð um lækningu og meðferð sjúkra gripa, vera útverðir landbúnaðarins til tryggingar því, að óþektar næmar pestir berist ekki til landsins, vera á verði til þess að tryggja, að þær næmu pestir, sem nú þjá gripi vora, breiðist sem minst út. Með auknum útflutningi á íslenskum landbúnaðarafurðum, sjerstaklega með tilliti til útflutnings á kældu og frystu kjöti til Englands, og jafnframt meiri kröfum um vöruvöndun, ætlum vjer, að nauðsynlegt sje fyrir oss að tryggja oss fullkomnara dýralæknaeftirlit með þessum afurðum heldur en kostur er á með svo fáum dýralæknum sem nú eru. Kröfur útlendinga byggjast á dýralæknaeftirliti. Gæti það því orðið markaði vorum hættulegt í framtíðinni, ef vjer reyndum ekki að tryggja oss sámilegt eftirlit með þessum útflutningsvörum vorum.

Til þess að dýralæknarnir geti komið þjóðinni að sem mestum notum, ætlumst vjer til, að þeir hafi ráðunautastarfsemi með höndum í öllu, er að kynbótastarfsemi og búpeningsrækt lýtur, t. d. dómarar á sýningum, umsjónarmenn með kynbótabúum, eftirlitsmenn með sauðfjár-, nautgripa- og hrossa-ræktarfelögum o. fl. Á ferðum sínum sem ráðunautar kæmust þeir í sem nánast samband við bændur, kyntust þeim kvillum, er þjá búpeninginn, og væru þá jafnframt sem

nokkurskonar umferðakennarar bændanna. Með því að fela dýralæknunum kynbóta-
starfsemi vora, teljum vjer henni best borgið, álitum, að það myndi tryggja meiri
festu á því sviði heldur en verið hefir. Vjer gerum ekki ráð fyrir, að heppilegt
sje, að dýralæknar reki stórbúskap, en hinsvegar teljum vjer mjög óheppilegt, að
þeir búi í kaupstöðum og sjávarþorpum. Ætlun vor er, að þeir hafi smábúskap,
sem gæti verið til fyrirmyndað fyrirhugaðri nýbýlarækt.

Með því að haga dýralæknabústöðum þannig, að þeir geti jafnframt veitt
nokkra kenstu við bændaskólana, hyggjum vjer, að oss takist að nota krafta
þeirra sem best. Vjer göngum út frá, að dýralæknir geti haft nokkrar kenstu-
stundir á viku, sem þó yrði að haga þannig, að kenstan fjelli ekki niður þótt
dýralæknirinn þyrfti að heiman. Gætu þá aðrir kennarar skólans kent í hans
stað, en hann svo fengið fleiri stundir, þegar hann er heima. Með þessu fyrir-
komulagi gerum vjer ráð fyrir, að nægilegt sje að hafa tvo kennara með dýra-
lækni við bændaskólana.

Vjer viljum taka það fram, að jafnvel þótt nú sjeu engir ísl. dýralæknar
í þrem af þessum embættum, teljum vjer nauðsynlegt að fresta ekki stofnun
embættanna, því á meðan engin embætti eru til, munu engir fást til að leggja
stund á þetta nám, sem bæði er talið erfitt og dýrt.

Ef vjer tókum dýralæknafyrirkomulagið í Noregi, þar sem staðhættir eru
hvað líkastir og hjer hjá oss, til samanburðar, sjáum vjer, að dýralæknar þar
hafa verið: 1850 23, 1860 59, 1870 75, 1880 78, 1890 118, 1900 148, 1910 234,
1920 245. Þeim hefir með öðrum orðum fjölgað mjög ört, sem raunar er mjög
eðlilegt, þar sem landbúnaði Norðmanna hefir fleygt mjög áfram á þessu tíma-
bili, en hlutföllin í þróun þjóðanna í landbúnaði og fjölgun dýralæknanna standa
í mjög nánu sambandi hvort við annað. 1923 var í Noregi 1 dýralæknir á hverja
5500 stórgripi (stórgr. = 1 kýr = 2 hestar = 10 sauðkindur = 10 geitur =
5 svin). Reiknað eftir sama mælikvarða (stórgripatölu vorri) ættu hjer að vera
25 dýralæknar. Sjeu hlutföllin tekin eftir fólksfjölda hjer og í Noregi, ættu hjer
að vera 20 dýralæknar.

Aðstaða dýralæknanna hjer á landi hefir til þessa verið slæm, þannig að
þeir hafa alls ekki getað notið sín. Þeir hafa allir haft búsetu í kaupstöðum og
verslunarþorpum, en hafa ekki haft aðgang að jarðnæði, sem þó virðist nauð-
synlegt. Dýralæknarnir eiga jafnframt dýralæknastarfsemi að vera leiðtogar bænd-
anna á sviði húsdýraræktarinnar. Bændurnir ættu að geta lært af þeim meðferð
og hitðingu búpenings. Dýral. hafa hingað til alls ekki haft aðstöðu til þess að
taka á móti gripum, sem þeir hefðu þurft að hafa undir höndum, en hafa neyðst
til þess að lækna gripina heima hjá eigendunum, sem oft búa langt í burtu,
þannig að dýral. hafa aðeins sjeð gripina einu sinni. Af eðlilegum ástæðum hefir
lækningin því stundum ekki komið að tilætlunum notum, en hefir orðið eigend-
um gripanna dýrari en hún hefði orðið, ef dýral. hefði getað tekið sjúklinginn
heim og haft hann undir höndum, meðan hann þurfti lækningar við. Ætlumst
vjer því til, að dýral. hafi litilsháttar dýraspítala hjá sjer, þannig, að þeir geti
tekið á móti gripum og haft þá um nokkurn tíma. Ef dýral. hafa bú, getur tæp-
lega hjá því farið, að gripir þeirra veikjast þeim algengustu kvillum, er þjá gripi
bænda. Hafa þeir þá mun betra tækifæri til þess að rannsaka orsakir, eðli og

lækningu þessara kvilla heldur en eftir nákvæmum lýsingum, eða jafnvel þótt þeir sjái sjúklinginn einu sinni. Með frumvarpi þessu er því gert ráð fyrir, að búsetunni verði hagað þannig, að dýralæknar hafi jarðnæði. Álitum vjer eðlilegast, að ríkið ætti jarðirnar og ljeti byggja þær upp að íbúðarhúsum og gripahúsum. Fyrir jarðnæðið og hús þau, er jörðinni fylgja, gerum vjer ráð fyrir, að dýral. greiði hæflegt eftirgjald, er dragist frá launum þeirra.

Eftir frumvarpi þessu er krafist miklu meira starfs af dýralæknum en hingað til hefir verið gert. Í raun og veru verður þetta sparnaður fyrir rikissjóð, því að með frumvarpi þessu gerum vjer ráð fyrir, að dýralæknarnir taki að sjer starf þeirra ráðunauta Búnaðarfelags Íslands, en það fær fje til þessa úr rikissjóði.

Hvað viðvikur launakjörum norskra dýralækna skal þess getið, að þeim er skift í 4 fl. eftir gæðum hjeraðanna. Hafa þeir mest laun, sem eru í verri hjeruðunum, en lægst laun þar, sem hjeruðin eru góð. 1. fl. 4800, 2. fl. 4000, 3. fl. 3200 og 4. fl. 2400, með 3 aldurs-uppbótum, 300 kr. í hvert skifti eftir 3, 6 og 9 ár. Dýralækna-bústaðina eiga hjeruðin í Noregi flest sjálf og húa dýralæknar þar endurgjaldslaust. Efnahagsleg aðstaða norsku dýralæknanna er því mun betri en stjettarbræðra þeirra hjer. Kjör dýralækna hjer eru einnig tæplega sambærileg við kjör þau, er aðrir embættismenn þjóðfelagsins eiga við að húa. Flestir prestar landsins sitja á hlunnindajörðum við væga landsskuld, en auk þess er smátt og smátt verið að byggja prestssetrin upp. Læknarnir hafa einnig flestir bústaði fyrir lágt eftirgjald hjá þeim hjeruðum, er þeir starfa í. Flestir hafa þeir og aðgang að sjúkraskýli.

Margra hluta vegna er það nauðsynlegt, að einn dýralæknirinn sje yfirmaður hinna, og þá jafnframt ráðunautur stjórnarinnar í þeim málum, er varða dýralækna og dýralækningar. Vegna staðháttu teljum vjer heppilegast, að landsdýralæknirinn sitji í Reykjavík. Gæti hann þá jafnframt unnið að rannsóknum á íslenskum alidýrasjúkdómum við rannsóknarstofu háskólans.

Skýrslur þær, er um ræðir í 6. gr. frumvarpsins, geta orðið til mikils gagns, einkum ef þeim er safnað af dýralæknum. Er með því fengin trygging fyrir, að þær verði rjettari heldur en áður var, meðan þessum skýrslum var safnað samkv. lögum um skýrslur um alidýrasjúkdóma, frá 20. okt. 1905, er numin voru úr gildi með lögum nr. 48, 26. okt. 1917.

Þess má geta, að fyrir Alþingi liggur nú frv. til laga um búfjártryggingar, sem telja má, að geti orðið til allmikilla hagsmuna fyrir bændur, sjerstaklega að því er snertir veðhæfi búpenings, en eitt af aðalskilyrðunum fyrir því, að búfjártryggingar komi að hagfeldum notum, er aukin trygging á búfjársjúkdómum og varnir gegn þeim. En þessu atriði verður ekki fullnægt nema með fjölgun dýralækna og því, að starfskraftar þeirra notist sem best.

Við samning frumvarps þessa hefi jeg haft hliðsjón af frumvarpi um dýralækna, sem var til umræðu á Alþingi 1919, en varð ekki útrætt.